



Mars 2020

HVATARBLAÐIÐ

Aðalfundur Ungmennafélagsins Hvatar verður haldinn í Félagsheimilinu Borg fimmtudaginn 26. mars kl. 20:00.

Dagskrá fundarins:

1. Síðasta fundargerð lesin
2. Ársreikningur
3. Almenn umræða um starfið, upplýsingar og hugmyndir
4. Kosning stjórnar
5. Önnur mál

Við hvetjum alla sem eru áhugasamir um starf félagsins til að mæta á fundinn og taka þátt í umræðum og hafa þannig áhrif á starfið.

Við óskum einnig eftir framboðum í stjórnarsetu í féluginu og geta áhugasamir sent póst á formann á netfangið umfhvot@gmail.com eða mætt á fundinn og boðið sig fram. Að lokum óskum við eftir áhugasönum einstaklingum til að leiða lagabreytingarvinnu ungmennafélagsins.

Vonumst til að sjá sem flesta á fundinum til að eiga gott samtal með kaffibolla og veitingum.

Kveðja
Stjórnin



FUNDARGERÐ.

475. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnssýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 5. febrúar 2020 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. janúar 2020.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. janúar 2020 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 51. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 5. janúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 15. fundar ungmannaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 22. janúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) Fundargerð 190. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 22. janúar 2020.

Mál nr. 10, 11, 12 og 14 þarfnaðt staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 190. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 22. janúar 2020. Eftifarandi dagskrárlíðir þarfnaðt afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 10: 1912037 - Bjarkarbraut 34 (L169180); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður – viðbygging.

Í framhaldi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 15. janúar 2020 er lögð fram umsókn Sigurðar Sigurðssonar og Hjörðisar U. Rósantsdóttur um byggingarleyfi til að byggja við sumarbústað 30,8 m² á sumarbústaðalandinu Bjarkarbraut 34 (L169180) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Heildarstærð á sumarbústað eftir stækken verður 86 m². Deiliskipulag liggur ekki fyrir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir viðbyggingu að Bjarkarbraut 34, með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 11: 2001033 - Litli-Háls L170823; Breyting á byggingarmagni og mænishað; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Hannesar Ingólfssonar, dags. 16. janúar 2020 um hvort heimiluð verði breyting á gildandi deiliskipulagi Litla-Háls, L170823, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Skipulagssvæðið stækkar úr 16 ha í 17 ha eða um 1 ha, byggingarreitur merktur 4 færist austar og stækkar einnig til suðurs, úr 1.350 m² í 3.200 m². Skilmálar fyrir reitinn breytast og þar er gert ráð fyrir útihúsi (skemmu) sem má vera allt að 750 m² í stað 150 m² fjárhúss í gildandi deiliskipulagi. Mænishað útihúss skal ekki vera meiri en 8 m frá botnplötu og þakhalli má vera á bilinu 0 - 45 gráður. Drög að breyttu skipulagi fylgja umsókninni. Umsóknin er lögð fram í stað áður innlagðrar fyrirspurnar, dags. 10. janúar 2020.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu þar sem ekki eru neinir nálegir hagsmunaaðilar.

Mál nr. 12: 2001009 - Rimamói 7 (L169866); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður.

Í framhaldi af afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 15. janúar 2020 er lögð fram umsókn Samúels Smára Hreggiðssonar f.h. Kolbrúnar Jónsdóttur um byggingarleyfi til að byggja sumarbústað með svefnlofti, 85,4 m² í stað sumarhúss sem var fyrir á sumarbústaðalandinu Rimamói 7 (L169866) í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að byggingarfulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir nýju sumarhúsi að Rimamóá 7 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 14: 2001002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 113.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. janúar 2020.

D) Fundargerð 74. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 8. janúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu, 13. nóvember 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 3. fundar Almannavarnanefndar Árnessýslu, 13. nóvember 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 13. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 14. janúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Fulltrúi í umhverfisnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur að aðalmaður umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, Jónas Hallgrímsson er fluttur úr sveitarfélagini. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Rebekka Lind Guðmundsdóttir verði aðalmaður í umhverfisnefnd út kjörtímabilið 2018-2022.

4. Tjaldsvæðið Borg.

Fyrir liggja þrjár umsóknir um reksturinn á Tjaldstæðinu á Borg. Sveitarstjórni felur sveitarstjóra að ganga til samninga við Guðmund Jónsson.

5. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggur umsókn starfsmanns Kerhólsskóla um styrk til að stunda nám í kennarafræðum. Umsóknin er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla. Sveitarstjórni samþykkir samhljóða að styrkja umsækjanda til náms í kennarafræðum skv. lið nr. 1 í reglum sveitarfélagsins. Að auki er samþykkt samhljóða að veita styrk skv. 4. lið reglnanna um kostnað við skólagjöld og til bókakaupa.

6. Viðauki við samning um endurskoðun fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp.

Fyrir liggur viðauki við samning PricewaterhouseCoopers ehf. og Grímsnes- og Grafningshrepps um endurskoðun sveitarfélagsins. Sveitarstjórni felur sveitarstjóra / oddvita að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins og gera þær breytingar sem ræddar voru á fundinum.

7. Samningur um hirðingu túna sveitarfélagsins í landi Stóru-Borgar.

Tún sveitarfélagsins í landi Stóru-Borgar voru auglýst til afnota í desember s.l. Ein umsókn barst frá Félagsbúinu Miðengi og liggja fyrir drög að samningi við Félagsbúið um hirðingu túnanna. Sveitarstjórni samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög og felur sveitarstjóra / oddvita að undirrita samninginn.

8. Reglur um afslátt á leikskóla- og frístundaheimilisgjöldum.

Fyrir liggja drög að uppfærðum reglum um afslátt á leikskóla- og frístundaheimilisgjöldum fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórni samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög.

9. Tölvupóstur frá Hannesi Ingólfssyni um möguleika þess að fá keyptan hlut sveitarfélagsins í borholu í landi Stóra-Háls.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Hannesi Ingólfssyni, dags. 16. janúar 2020 um möguleika þess að fá keyptan hlut sveitarfélagsins í borholu í landi Stóra-Háls. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málssins.

10. Fyrirhuguð ferð sveitarstjórnarmanna af Suðurlandi til Danmerkur.

Fyrir liggur tölvupóstur frá framkvæmdastjóra SASS, Bjarna Guðmundssyni, dags. 8. janúar 2020 vegna skipulagðrar ferðar sveitarstjórnarmanna á vegum SASS til Danmerkur. Sveitarstjórni samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir og Smári Bergmann Kolbeinsson verði fulltrúar sveitarfélagsins.

11. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um XXXV. landsþing Sambandsins.

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 20. janúar 2020 þar sem tilkynnt er að XXXV. landsþing Sambandsins verði haldið þann 26. mars n.k. á Grand Hótel í Reykjavík. Lagt fram til kynningar.

12. Bréf frá Húsnaðis- og mannvirkjastofnun þar sem minnt er á að skila inn uppfærðum húsnaðisáætlunum sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Einari P. Eyjólfssyni f.h. Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar þar sem minnt er á að skila inn uppfærðum húsnaðisáætlunum sveitarfélaga. Bréfið lagt fram til kynningar.

13. Bréf frá Umhverfisstofnun þar sem minnt er á að skila skýrslu með úrgangstölum til Umhverfisstofnunar.

Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun, dagsett 10. janúar 2020 þar sem minnt er á að skila skýrslu með úrgangstölum til Umhverfisstofnunar. Bréfið lagt fram til kynningar.

14. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um menningarsal Suðurlands, 55. mál.

Fyrir liggur beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um menningarsal Suðurlands, 55. mál. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps fagnar framkominni þingsályktunartillögu um menningarsal Suðurlands og styður hana heilshugar.

15. Birt til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, með síðari breytingum (óbyggjt viðerni).

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

- 16. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 64. mál.**

Pingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

- 17. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/1970, um Kristnisjóð ofl., með síðari breytingum (ókeypis lóðir), 50. mál.**

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

- 18. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, með síðari breytingum (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 457. mál.**

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

- 19. Skýrsla starfshóps um geðrækt í skólum ásamt samþykktri þingsályktunartillögu um stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum.**

Lagt fram til kynningar.

- 20. Birt til umsagnar frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu drög að lýsingu Landgræðsluáætlunar.**

Lýsingin lögð fram til kynningar.

- 21. Tölvupóstur frá Kristni Pálssyni f.h. skipulags- og byggingarfulltrúa Ölfus þar sem kynnt er skipulags- og matslysing vegna endurskoðunar aðalskipulags Ölfuss.**

Fyrir liggur tölvupóstur frá Kristni Pálssyni f.h. skipulags- og byggingarfulltrúa Ölfus þar sem kynnt er skipulags- og matslysing vegna endurskoðunar aðalskipulags Ölfuss. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 289. stjórnarfundar 15.01.2020.
- ✓ SASS. Fundargerð 552. stjórnarfundar 13.12.2019.
- ✓ Hestamannafélagið Trausti, ársskýrsla 2018.
- ✓ Hestamannafélagið Trausti, ársreikningur 2018.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:05



FUNDARGERÐ.

476. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 19. febrúar 2020 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir

Björn Kristinn Pálmarsson

Smári Bergmann Kolbeinsson

Ingibjörg Harðardóttir

Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. febrúar 2020.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 5. febrúar 2020 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 191. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 12. febrúar 2020.

Mál nr. 12, 13, 14, 15, 16 og 21 þarfnað staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 191. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 12. febrúar 2020. Eftirfarandi dagskráliðir þarfnað afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 12: 1912048 - Hvítárbraut 31C L197193; Skilmálabreyting; Pakhalli; Deiliskipulagsbreyting.

Í framhaldi af bókun sveitarstjórnar dags. 15. janúar 2020 var málí Sigríðar Ólafsdóttur f.h. Magnúsar D. Baldurssonar og Sigríðar Porgeirs dóttur, dags. 19. desember 2019 um skilmálabreytingu Hvitárbrautar 31C, L197193 þar sem breytingin felst í að leyfilegur halli á baki verði frá 0-45 gráðum, flatt þak, í stað 14-45 gráður frestað þar til samþykki lóðarhafa á svæðinu liggur fyrir.

Sveitarstjórni samþykkir samhljóða óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan hefur verið grenndarkynnt án athugasemda.

Mál nr. 13: 2001063 - Neðan-Sogsvegar 4 L169505, 4A L169506, 4B L169507 og 4C; Lagfæring og breytt afmörkun lóða; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn Arnar S. Ingibergssonar, dags. 24. janúar 2020, um breytingu á deiliskipulagi svæðisins við Braut 1 Neðan-Sogsvegar 4, 4A, 4B og 4C sem fram að bessu hefur ekki verið stofnuð lóð fyrir. Breytingin felst í að lóðarhafi hefur fengið lóðirnar mældar inn og fengið samþykki lóðarhafa að liggjandi lóða fyrir ytri lóðamörkum sem og lóðamörkum Neðan Sogsvegar 4A og 4B en þar liggur samþykki fyrir lóðamörkum innan deiliskipulagstillögunnar einnig. Skipulagsskipmálar í samþykktu deiliskipulagi gilda að öðru leyti áfram.

Sveitarstjórni samþykkir samhljóða óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að tillagan verði grenndarkynnt skv. 44. gr. sömu laga.

Mál nr. 14: 1906056 - Hamrar 3 L224192; Stofnun þriggja lóða; Deiliskipulag.

Í framhaldi af bókun sveitarstjórnar á fundi þann 6. nóvember 2019 er lagt fram bréf umsækjanda þar sem farið er fram á endurskodun bókunarinnar og fjarlægð frá ánni verði ákveðin í samræmi við Vatnalögum og vísar umsækjandi í orðalag að jafnan skal miðað við lágflæði í vatni.

Sveitarstjórni er bundin af gildandi skipulagslögum og skipulagsreglugerð er varðar fjarlægð bygginga frá ám og vötnum. Sveitarstjórni telur sig ekki vera að draga upp ákveðin landamerki gagnvart eigendum lands.

Mál nr. 15: 1904009 - Kerið 1 L172724; Gestastofa og bílastæði; Deiliskipulag.

Lagt fram til umfjöllunar bréf skipulagsstofnunar dags. 29. nóvember 2019, þar sem Skipulagsstofnun gerir athugasemdir í þá veru að deiliskipulagstillagan sé í ósamræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Vitnað er í kafla 17 um hverfisverndarsvæði, í greinargerð aðalskipulags, að öll mannvirkjagerð og jarðrask sé með öllu bannað í grennd við náttúrumínjar. Í umsögn Skipulagsstofnunar dags, 29.11.2019, vegna tillögu að deiliskipulagi Kersins er gerð athugasemd við að sveitarstjórni birti auglysingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna ósamræmis við aðalskipulag. Að mati Skipulagsstofnunar er deiliskipulagstillagan ekki í samræmi við ákvæði sem gilda um hverfisverndarsvæði en þar segir: Kerið í Grímsnesi (H1), Kerhóll í Grímsnesi (H2) og ósnortið hraun í Öndverðarnesi II (H3) verði vernduð sem einstakar landslagsgerðir og náttúrufyrirbæri. Öll mannvirkjagerð og jarðrask er með öllu bannað í grennd við náttúrumínjarnar **Bókun/rökstuðningur:** Á gildandi aðalskipulagsuppdrætti sveitarfélagsins eru mörk hverfisverndarsvæðisins ill greinanleg. Við vinnslu deiliskipulagstillögunnar var því kallað eftir stafrænum gögnum frá skipulagshönnuði aðalskipulagsins til að ganga úr skugga um hvor mörk hverfisverndarsvæðisins liggja og eru þau sýnd á deiliskipulagsuppdrætti. Orðalag aðalskipulagsins um hverfisverndarsvæði H1, þ.e. að mannvirkjagerð og jarðrask sé með öllu bannað „í grennd“ við náttúrumínjar er ónákvæmt. Við vinnslu deiliskipulagstillögunnar var ekki litið svo á að göngustígur með tilheyrandí útsýnispöllum teldust mannvirkjagerð eða jarðrask sem ógnað gæti jarðminjunum. Þvert á móti væri um að ræða aðgerðir sem styddu við markmið hverfisverndarinnar um að standa vörð um „einstakar landslagsgerðir og náttúrufyrirbæri“. Til þess að fylgja þessu markmiði eftir voru í deiliskipulagstillögu settir ítarlegri skilmálar um hverfisverndarsvæðið til verndunar þess. Uppbygging við Kerið skv. tillögu að deiliskipulagi er að öllu leyti utan hverfisverndarsvæðisins, að undanskildu viðhaldi á núverandi göngustígum og útsýnispalli, sem og nýjum útsýnispalli-/pöllum til að verjast ágangi. Þá er aðkoma inn á svæðið færð austar, fjær Kerinu, ásamt bílastæðum og öðrum mannvirkjum. Í kafla 5.2. í greinargerð deiliskipulagstillögunnar er gerð grein fyrir áhrifum tillögunnar á umhverfið og ásýnd m.t.t.

staðsetningarkosta. Þar kemur m.a. fram að gestastofu og bílastæði var valinn staður fjær Kerinu en níverandi bílastæði. Var það m.a annars unnið í samráði við Vegagerðina til að tryggja betra umferðaröryggi, og þar með færslu á aðkomu inn á svæði. Níverandi aðkoma að Kerinu er á versta hugsanlega stað (efst uppi á hól) þar sem iðulega hafa myndast umferðarteppur og oft legið við slysum. Nýju mannvirkin eru staðsett sem næst þjóðveginum, á svæði sem þegar hefur verið raskað að talsverðu leyti. Handan Biskupstungnabrautar er sumarbústaðabyggð og uppbygging við Kerið því í grennd við aðra byggð. Almennir skilmálar deiliskipulagstillögunnar s.s. um byggingar, efnisnotkun, frágang, lýsing, löðafrágang, innviði og gróður miða allir að því að vernda náttúrulegt umhverfi Kersins og tryggja vandaða uppbyggingu á svæðinu. Áframhaldandi vönduð uppbygging við Kerið stýður við stefnu aðalskipulagsins um verndun svæðisins ásamt því að gera fólk kleift að njóta þeirra verðmæta sem Kerið er sbr. stefnu um náttúruverndarsvæði í kafla 15 aðalskipulags, en þar segir m.a.: Almennt verði stuðlað að verndun helstu náttúrufyrirbæra í sveitarfélagini en jafnframt verði fölk gert kleift að njóta þessara verðmæta. Ekki er stefnt að friðlýsingi svæða á náttúrumínjaskrá en lagt til að valin svæði og náttúrufyrirbæri falli undir hverfisvernd. Ekki er litið á svæði á náttúrumínjaskrá sem verndarsvæði í heild sinni en lagt til að valin svæði og náttúrufyrirbæri falli undir hverfisvernd. Á grunni ofangreinds þá er það niðurstaða Grímsnes- og Grafningshrepps að deiliskipulag Kersins sé í samræmi við Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 og þar með ákvæði sem þar eru um hverfisverndarsvæði. Ákvæði sem nefnd eru í umsögn Skipulagsstofnunar eiga eingöngu við hverfisvernduð svæði, sem deiliskipulagið uppfyllir. Grímsnes- og Grafningshreppur telur því að misskilnings hafi gætt í umsögn Skipulagsstofnunar þegar segir að deiliskipulagstillagan sé ekki í samræmi við ákvæði sem gilda um hverfisverndarsvæði. Þess er því farið á leit við Skipulagsstofnun að stofnunin endurskoði umsögn sína á grunni ofangreinds og geri ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingum samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Mál nr. 16: 2001038 - Nesjar L170874; Heimanes; Breytt afmörkun, stærð og heiti lóðar.

Fyrir liggur umsókn Einars S. Ingólfssonar, dags. 8. janúar 2020 um staðfestingu á afmörkun og breytingu á stærð og heiti lóðarinnar Nesjar

L170874. Óskað er eftir að lóðin fá heitið Heimanes í stað Nesjar. Lóðin er skráð 0,0 m² í fasteignaskrá en er 2.500 m² skv. nákvæmari mælingu. Þá er óskað eftir að ekki verði gerð athugasemdir við landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa sem og landeigenda lóðarinnar og upprunalandssins, Nesjar L170824 sem liggur upp að landinu, á hnittsetningu lóðamarka.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða afmörkun lóðarinnar og heitið Heimanes, skv. umsókn. Ekki eru gerðar athugasemdir við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.

Mál nr. 21: 2001004F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 114.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. janúar 2020.

b) Fundargerð ársfundar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 30. október 2019.

Mál nr. 3 þarfnað staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð ársfundar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., dags. 30. október 2019. Eftirfarandi dagskráliður þarfnað afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Samþykktir.

Á ársfundinum voru kynntar breytingar á samþykktum embættisins sem stjórn UTU leggur til. Breytingarnar felast í að tæknisviðshlutinn er tekinn út og þar með breytist skiptihlutfallið líka. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti tillögur stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

c) Fundargerð 37. fundar Skólapjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 5. febrúar 2020.

Mál nr. 2 þarfnað staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 37. fundar Skólapjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, dags. 5. febrúar 2020. Eftirfarandi dagskráliður þarfnað afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Tillaga að breyttum gjaldskrám.

Lögð fram tillaga að breyttum gjaldskrám Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fyrir heimabjónustu, fjárhagsaðstoð og greiðslur til stuðningsfjölskyldna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirliggjandi tillögu.

d) Fundargerð stjórnarfundar Bergrisans, 21. janúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 195. fundar fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga, 7. febrúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 6. fundar byggingarnefndar Búðarstígs, 4. febrúar 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Samningur við Gámaþjónustuna / Terra.

Fyrir liggur að samningur sveitarfélagsins við Gámaþjónustuna / Terra um sorphirðu í sveitarfélagini mun renna út í lok ágúst 2020. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fram lengja samninginn um eitt ár eins og heimilt er í gildandi samningi. Sveitarstjóra / oddvita falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

4. Úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 10/2019 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar um að hafna breytingu á skráningu húss að Kerhrauni C 103/104 úr sumarhúsi í ibúðarhús.

Fyrir liggur úrskurður frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 10/2019 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. desember 2018 um að hafna breytingu á skráningu hússins að Kerhrauni C103/104 úr sumarhúsi í ibúðarhús. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er að kröfu kæranda var vísað frá. Lagt fram til kynningar.

5. Tölvupóstur frá Ólöfu Harðardóttur f.h. Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála þar sem tilkynnt er um stjórnsýslukæru. Einnig er óskað eftir gögnum og sveitarfélagini gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Ólöfu Harðardóttur f.h. Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 14. febrúar 2020 þar sem tilkynnt er um stjórnsýslukæru. Einnig er óskað eftir gögnum og sveitarfélagini gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Oskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

6. Bréf frá Kristínu S. Karlsdóttur f.h. Yfirfasteignamatsnefndar þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins í máli nr. 2/2020 – Sogsbakki 15, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Kristínu S. Karlsdóttur f.h. Yfirfasteignamatsnefndar þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins í máli nr. 2/2020 – Sogsbakki 15, Grímsnes- og Grafningshreppi. Jafnframt er lögð fram umsögn lögmanns sveitarfélagsins, Oskars Sigurðssonar hrl. Sveitarstjórn staðfestir bréf lögmannsins.

7. Bréf frá Óttari Guðjónssyni f.h. kjörnefndar Lánasjóðs sveitarfélaga þar sem auglýst er eftir framboðum til stjórnar Lánasjóðsins.

Fyrir liggur bréf frá Óttari Guðjónssyni f.h. kjörnefndar Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 12. febrúar 2020 þar sem auglýst er eftir framboðum til stjórnar Lánasjóðsins. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Ásthóri Jóni Ragnheiðarsyni, formanni Ungmennaráðs Íslands þar kynnt er ungmennaráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“.

Fyrir liggur bréf frá Ásthóri Jóni Ragnheiðarsyni, formanni Ungmennaráðs Íslands, dags. 6. febrúar 2020 þar sem vakin er athygli á ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði“ sem haldin verður á Laugarvatni dagana 1. – 3. apríl n.k. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er breytt fasteignamat eigna að Nesjavöllum lóð 170929, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Þjóðskrá Íslands til eiganda eigna að Nesjavöllum lóð 170929, dagsett 4. febrúar 2020 þar sem kynnt er breytt fasteignamat eignarinnar. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (fæðingarstaður og sveitarfélag fyrsta lögheimilis barns), 119. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

11. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjóra falið í samstarfi við lögmann sveitarfélagsins, Óskar Sigurðsson hrl. að vinna áfram að málinu.

12. Samningur við Villiketti.

Fyrir liggur samningur við Villiketti um að Villikettir hlúi að villi- og vergangsköttum í sveitarféluginu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samning og felur sveitarstjóra / oddvita að ganga frá samningi.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 202. stjórnarfundar 04.02 2020.
- ✓ SASS. Fundargerð 553. stjórnarfundar 17.01 2020.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 878. stjórnarfundar, 31.01 2020.


Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 10:30

Fjörugur og skemmtilegur öskudagur

Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur í Kerhólsskóla eins og hefð er fyrir. Starfsfólk og nemendur komu í öskudagsbúningum í skólann öllum til ánægju og yndisauka. Skóladagurinn var hefðbundinn fram að hádegi en kl 12:30 fóru allir saman út í íþróttahús þar sem foreldrafélagið og nemendafélagið sáu um skemmtun. Þar var kötturinn sleginn úr tunnunni, farið í leiki og veitt voru verðlaun fyrir heimagerða og keypta búninga. Krakkarnir komu einnig við á skrifstofu sveitarfélagsins og sungu, ásamt því að syngja fyrir starfsfólk íþróttahússins. Á báðum stöðum fengu þau nammi að launum. Magnús Hlynur tók meðfylgjandi myndir á skemmtuninni, sem segja allt sem segja þarf um stemmingu dagsins.







UPPSVEITADEILD LOGA, SMÁRA OG TRAUSTA



Fimmgangur í Uppsveitadeildinni á Flúðum fór fram föstudagskvöldið 21 febrúar og óhætt er að segja að keppnin hafi verið hörð og spennandi ! Margar flottar sýningar og frábærir skeiðsprettir litu dagsins ljós.

Efstur eftir forkeppni var Jón Óskar á Örvari frá Gljúfri, annar var Þorgeir Ólafsson á Snilld frá Fellskoti, þriðji var Þórarinn Ragnarsson á Glað frá Kálflholi og fjórðu voru Hekla Katharína Kristinsdóttir og Jarl frá Árbæjarhjáleigu II .

Úrslit urðu eftifarandi :

1. Hekla Katharína Kristinsdóttir og Jarl Árbæjarhjáleigu II
2. Þorgeir Ólafsson Snilld frá Fellskoti
3. Þórarinn Ragnarsson og Glaður frá Kálflholi 2
4. Karen Konráðsdóttir og Lind frá Hárlaugsstöðum 2
5. Jón Óskar Jóhannesson og Örvar frá Gljúfri
6. Reynir Örn Pálason og Þristur frá Tungu
7. Jón William Bjarkason og Vaka frá Ásbrú
8. Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Bragi frá Skriðu
9. Ragnhildur Haraldsdóttir og Kappi frá Kambi
10. Helgi Þór Guðjónsson og Móri frá Kálflholi



Einstaklings og liðakeppnin er ekki síður spennandi nú þegar tvær greinar eru búnar. Stigahæsta lið fimmgangsins var lið STORM RIDER sem nú situr í þriðja sæti í liðakeppninni. Eftst stendur lið KÍLHRAUNS en lið ÁRBÆJARHJÁLEIGU saxaði á forskotíð og situr í öðru sæti eftir gott gengi í fimmgangnum.

STAÐAN Í EINSTAKLINGS OG LIÐAKEPPNI EFTIR 2 GREINAR

	KNAPI/LIÐ	STIG
1	Porgeir Ólafsson FRIÐHEIMAR/SKJÓL	36
2-3	Rósa Birna Þorvaldsdóttir KÍLHRAUN	35
2-3	Hekla Katharína Kristinsdóttir ÁRBÆJARHJÁLEIGA	35
4	Ragnhildur Haraldsdóttir KÍLHRAUN	33
5	Helgi Þór Guðjónsson KÍLHRAUN	29
6	Brynja Amble STORM RIDER	28
7	Jón Óskar Jóhannesson BREKKA/HJARÐARHOLT/MIÐENGI	26
8	Jón William Bjarkason MEISTARI LOFTUR	21
9-10	Árný Oddbjörg Oddsdóttir ÁRBÆJARHJÁLEIGA	19
9-10	Þórarinn Ragnarsson STORM RIDER	19

**13 MARS
TÖLT
&
SKEID**



Ítarlegri úrslit og myndir má finna á facebook síðum Uppsveitadeildar sem og síðum hestamannafélaganna.



[upsveitadeildin2020](#)

Glæsileg upplestrakeppni í Kerhólsskóla

Fimmtudaginn 13. febrúar fór fram upplestrakeppni á meðal nemenda í 7. bekk Kerhólsskóla en sigurvegarar þeirrar keppni munu taka þátt í Stóru upplestrakeppninni, sem fer fram í Þjórsárskóla í Flóahreppi 3. mars.

Fimm nemendur tóku þátt í keppninni eða þau Ingibjörg Elka. Ísold Assa, Katla Rún, Matthías Fossberg og Viðar Gauti. Skáld keppninnar voru þau Ævar Þór Benediktsson og Anna Sigrún Snorradóttir. Í fyrrum umferðinni lásu krakkarnir úr verkum annars hvors höfundarins og í þeiri síðari fóru þau með ljóð, sem þau höfðu sjálf valið. Dómnefnd var skipuð þeim Elinborgu Sigurðardóttur, formanns Sambands sunnlenskra kvenna og þeim Lindu Sverrisdóttur og Steinari Sigurjónssyni, starfsfólk Grímsnes og Grafningsrepss. Niðurstaða dómnefndar varð sú að þau Ísold Assa Guðmundsdóttir og Matthías Fossberg Matthásson yrðu fulltrúar Kerhólsskóla í Stóru upplestrakeppninni og að varamaður yrði Viðar Gauti Jónsson. Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi ljósmyndir á keppninni.

Mynd 1: Nemendurnir með kennurum sínum en stífar æfingar stóðu yfir í nokkrar vikur áður en keppnin sjálf var haldin. Það eru þær Helga Haraldsdóttir og Alice Petersen.

Mynd 2: Þeir Guðmundur Björgvin Guðmundsson (t.v.) og Gunnar Birkir Sigurðsson sáu um að kynna keppnina og stóðu sig vel í því hlutverki.

Mynd 3: Sigurvegar upplestrakeppninnar, frá vinstri, Matthías Fossberg, Viðar Gauti (varamaður) og Ísold Assa





Haldið upp á Dag leikskólans

Leikskóladeild Kerhólsskóla hélt upp á Dag leikskólans fimmtudaginn 6. febrúar með því að bjóða bekkjum grunnskólans, sveitarstjórn og starfsfólkiniu á skrifstofu Grímsnes og Grafningshrepps í heimsókn. Flæði var í gangi þar sem að hægt var að fylgjast með og taka þátt með börnum í leik og starfi. Framtakið mæltist mjög vel fyrir og vakti mikla lukku. Grunnskólabörnini voru ekki búin að gleyma neinu frá sinni leikskólatíð og nutu sín í leiknum með leikskólabörnunum. Dagur leikskólans var nú haldinn í 13. sinn á Íslandi en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Leikskólar landsins hafa á undanförnum árum haldið upp á Dag leikskólans með margbreytilegum hætti og þannig stuðlað að jákvæðri umræðu um leikskólastarfið.



Sigríður Þorbjörnsdóttir, deildarstjóri leikskóladeilda Kerhólsskóla tók meðfylgjandi mynd. 26 börn eru í leikskólanum á aldrinum eins til fimm ára.

New York, London og núna Friðheimar

Pop-up fjölréttu óvissuferð að hætti Friðriks V

Friðrik V verður gestakkur í Friðheimum Bláskógabyggð laugardagskvöldið 14.mars nk.

Húsið opnar klukkan 19:00 með fordrykk og ljúfum tónum.
Kvöldverðurinn hefst svo stundvislega klukkan kl.19:30

Borðapöntun fer fram á netfanginu fridheimar@fridheimar.is

Vinsamlegast athugið að síðasti dagur bókunar er miðvikudagur 11.mars kl: 16:00

Verð á mann:
Fjölréttu óvissuferð kr. 8.900.-
- með sérvöldum vínum kr. 19.000.-
- með sérvöldum björum kr. 15.000.-
- með sérvöldum óáfengum drykkjum kr. 13.000.-

Mikilvægt er að tilkynna með bókun ef um fæðuofnæmi/óþol eða aðrar sérþarfir er að ræða.


ATH. Takmarkað sætaframboð

Hjónin Friðrik og Adda ráku veitingastaðinn Friðrik V með miklum ágætum í 15 ár. Fyrst á Akureyri og síðan í Reykjavík. Staðurinn var þekktur fyrir að vera leiðandi í framúrskarandi matargerð úr íslensku árstíðarbundnu hráefni og veita einstaka þjónustu. Staðurinn fékk mjög góða dóma, fjölda verðlauna og viðurkenningu. Einnig skorði hann í langan tíma hæst á lista Trip Advisor sem besti veitingastaðurinn í Reykjavík. Núna ferðast þau hjónin milli landa með sínar hugmyndafræði til að leyfa fleirum að njóta.

Við hlökkum til að sjá ykkur
Friðrik V og Adda, Knútur og Helena og starfsfólk



Áðalfundur Sauðfjárræktafelagsins Barms verður haldinn í Félagsheimilinu Borg mánudaginn 23. mars kl. 19:30.
Venjuleg aðalfundarstörf.
Stjórnin.



Frá Búnaðarfélagi Grímsneshrepps
Áðalfundur Búnaðarfélags Grímsneshrepps
verður haldinn á Björk
miðvikudaginn 18. mars kl. 20:00

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffiveitingar.
3. Önnur mál.





Grímsnes og Grafningshreppur

Íþróttamiðstöðin Borg

Starfsfólk óskast til starfa í sumar við Íþróttamiðstöðina Borg.

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu og eftirliti með
íþróttahúsi og þreksal.
- Afgreiðsla – þjónusta við gesti.
- Almenn þrif.

Hæfniskröfur:

- Hafi þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum.
- Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára og þurfa
að standast námskeið í skyndihjálp og sundpróf
laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á
sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknum skal skila til forstöðumanns
Íþróttamiðstöðvarinnar Borg.

Umsóknarfrestur er til 15.apríl.2020
Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir.
Netfang: rut@gogq.is eða í síma 899-8841.

Úr starfi Lionsklúbbsins Skjaldbreiðar á haustmánuðum 2019.

Við Lionsfélagar í Skjaldbreið óskum öllum Lionsmönnum og fjölskyldum þeirra gleði og farseldar á nýju ári.

Starfið hjá okkur hófst á haustdögum og er fundað tvisvar í mánuði, en við skipum þessu þannig að við höldum formlegan fund og förum svo í heimsóknir. Þetta fyrirkomulag er að okkur finnst mjög gott og gerir vetrarstarfið skemmtilegra og áhugasamara, hitta mann og annan.

Helstu stuðningsverkefni okkar er það sem má kalla nærsamfélagit. Og má þar telja starfsemina á Sólheimum. En eitt af okkar fyrstu verkum vetrarins var að hlýða ákalli frá starfsmönnum Ú.P.S eða útvarpstöðvar Sólheima, sem standa vaktina með reglugum útsendingum. En þar á bæ þurfti að endurnýja og bæta tækjabúnað til að svara kalli hlustenda og ekki síður starfsmanna stöðvarinnar. Þar sem við Lionskarlarnir erum nú ekki vel að okkur í útvarpssrekstri og svona graejum þá fengum við lista með því helsta sem vantaði og var það af mikilli gleði sem við afhentum þennan búnað í beinni útsendingu, sem endaði síðan með kaffi og kökum að athöfn lokinni. Eins höfum við staðið við bakið á björgunarsveitinni og ekki síst skólanum og ræðst það helst af hvaða verkefni eru í gangi hverju sinni.

Staðið var fyrir blóðsykurmælingum í nóvember eins og síðasta ár, og vorum við heppnir að fá inni á Grænu könnunni á Sólheimum. Alls mættu rúmlega eitthundrað manns til mælingar, engin brádatilfelli komu upp en var mælst til að tveir aðillar leituðu læknis. Við nutum aðstoðar starfsmanna á Sólheimum, eins félaga í Lionsklúbbnum Emblu á Selfossi Arnfríður Kristín Ólafsdóttir, sjúkraliði á þakkir skyldar fyrir aðstoð .

Fjárlöflunarverkefnið okkar Skötuveisla á Þorláksmessu hefur fest sig í sessi, nú mættu rúmlega 100 manns og er alltaf aukning frá ári til árs. Þetta var í Félagsheimilinu Borg.

Næsta fjárlöflunarverkefni okkar verður Kótilettukvöld sem haldið verður í apríl og hefur þessi viðburður okkar einnig fest sig í sessi meðal íbúa hér í sveitinni okkar.

Við erum búnir að fara í heimsóknir í Gunnbjarnarholt og í Björgunarmiðstöðina á Selfossi.

Höfum fengið í þessum heimsóknum frábærar móttökur og mikla fræðslu, sem við höfum allir haft gleði og gagn af. Við þökkum kærlega fyrir góðar móttökur.

Skógrækt á lögbýlum

Á síðustu árum hefur komið í ljós að skógar vaxa betur hér á landi en bjartsýnasta fólk gerði ráð fyrir. Skógræktin býður landeigendum til samstarfs um að rækta skóg á sínu landi í verkefni sem kallast skógrækt á lögbýlum.

Skógrækt skapar margvísleg tækifæri fyrir landeigendur. Skógar mynda fljótt skjól og bæta lífsskilyrði manna og dýra. Ef vel tekst til við ræktun skóganna á fyrstu árum geta þeir farið að skila viðarnytjum úr fyrstu grisjunum innan 25 ára. Þeir veita einnig ýmis önnur gæði s.s. ber og sveppi eða skjól fyrir ræktun lands og búfé. Land þar sem skógor vex er verðmætara en skóglauð land og hafa jarðir þar sem nytjaskógar eru ræktar fengið hækkað lánshæfismat. Síðast en ekki síst vernda skógarnir jarðveg, binda kolefni úr andrúmsloftinu og draga þar með úr neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga.

Ræktunaráætlanir eru gerðar áður en skógrækt hefst og er leitast við að laga skógana þannig að landslagi að sem minnst neikvæð áhrif verði af þeim t.d. vegna útsýnis, snjósöfnunar eða annarra þátta. Sveitarstjórn þarf að samþykkja skógræktaráætlanir áður en landeigendur hefja framkvæmdir.



Skógræktarráðgjafar Skógræktarinnar starfa í öllum landshlutum, þjóna þar bændum og öðrum landeigendum og aðstoða við umsóknir.

Umsóknarferli áður en landeigendur geta hafið skógrækt tekur töluverðan tíma.

- Fyrst er sótt um þátttöku og er lágmarksstærð fyrirhugaðs skógræktarlands 10 ha.
- Þá er væntanlegt skógræktarsvæði skoðað og metið af skógræktaráðgjafa.
- Þegar land hefur verið samþykkt af ráðgjafa er sótt um framkvæmdaleyfi til sveitarfélags.
- Þegar það liggar fyrir er hægt að gera skógræktarsamning um landið.
- Í kjölfarið hefst vinna við nánari kortlagningu og áætlanagerð fyrir skógræktarsvæðið.
- Áður en skógarbóni hefur framkvæmdir skal hann sækja grunnnámskeið í skógrækt.

Skógræktin hvetur landeigendur til að skoða þá möguleika og framlög sem bjóðast til skógræktar.

Nánari upplýsingar eru á vef Skógræktarinnar [www.skogur.is/
skograektaatalogbylum](http://www.skogur.is/skograektaatalogbylum)



Opnunartímar hjá heilsugæslunni í Laugarási

Opnunartími heilsugæslunnar er frá kl. 8:00 til 16:00.

Fyrsti læknatíminn er kl. 8:20.

Símatímar eru tveir þ.e. kl. 9:00 - 9:30 og 13:00 - 13:30.

Blóðprufur eru teknar á morgnanna frá kl. 8:15 - 11:00

Sími stöðvarinnar er 432 2770

Aðalnúmer HSU er 432 2000

Sími Neyðarlínu er 112



Tökum að okkur STÓR og smá verk Feðgaverk

- Jarðvinnu
- Tætingu
- Þökulagningu
- Bílaflutninga
- Jarðheflun
- Fólksflutninga



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Pokana sem nota á í
brúntunnuna er hægt að fá **frítt** í Sundlauginni á Borg



ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú
getur borðað það en vilt það ekki þá
fer það í brúntunnuna.



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



Jóhann Baldursson - ☎ 892 0518

Már Jóhannsson - ☎ 866 6068

Rafvirkjameistarar

ASKALIND 7 – 201 KÓPAVOGUR
KRINGLA 2 – GRÍMSNESI 801 SELFOSS



Opið alla virka daga frá 10 - 16



Verið hjartanlega velkomin.

Öll almenn lögfræðibjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land Austurvegi 6
LÖGMENN

„Pylsa eða Pulsa“?

Skiptir ekki máli því við bjóðum upp á Langsteik!

Verslunin Borg
Opið alla daga
09:00-18:00"



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. október til 30. apríl

Mánudaga	Priðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN



Styrktarrekningur sveitarinnar er
0586-26-456 kt. 490487-1319



DAGSKRÁ OG OPNUNARTÍMAR

FYRIR ELDRI BORGARA
GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

MÁNUDAGAR

09:55 - 11:55
Íþróttasalur,
Tækjasalur og heitur
Pottur

11:00 - 12:00
Bókasafn opið fyrir eldri
borgara

FIMMTUDAGAR

09:55 - 11:55
Íþróttasalur,
Tækjasalur og heitur
Pottur

11:00 - 12:00
Bókasafnið opið fyrir eldri
borgara

PRIÐJUDAGAR OG MIÐVIKUDAGAR

12:30 - 22:00
Sundlaug og tækjasalur

HÁDEGISMATUR Í BOÐI FÉLAGSHEIMILINU BORG ALLA VIRKA DAGA

Matseðill á gogg.is
undir þjónusta/eldri borgarar

SÆLUDAGAR 26. - 29. MARS

Sæludagarnir eru á Stracta hótel



Heiðursfélagar Kvenfélags Grímsneshrepps

A jólafundi félagsins í lok nóvember 2019 voru þrjár félagskonur útnefndar sem heiðursfélagar Kvenfélags Grímsneshrepps. Því eru í dag heiðursfélagar Lísia Thomsen, Þóra Magnúsdóttir og Emma Kolbeinsdóttir. Þær sem Emma átti ekki heimagengt á jólafundinn heimsóttu þær Lísia og Þóra hana fyrir jólin þær sem þær sátu saman á mynd.



Ný stjórн félagsins

Á aðalfundi Kvenfélags Grímsneshrepps 15. febrúar sl var kosinn nýr gjaldkeri. Því skipa stjórн félagsins, Laufey Guðmundsdóttir, formaður Jóhanna Þorvaldsdóttir, ritari Hildur Magnúsdóttir, gjaldkeri Varastjórн: Ragna Björnsdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Friðsemd Erla Þórðardóttir

GJÖF TIL KVENNA

SÖFNUNARÁTAK Í TILEFNI 90 ÁRA AFMELI
KVENFÉLAGASAMBANDS ÍSLANDS

Armband með steinum 4.500kr - gyllt, silfur eða rósagull

Kærlieikur - Samvinna - Virðing


Armband með letri 3.500kr - Letur: Kærlieikur, samvinna, virðing eða Ég er kvenfélagskona - gyllt, silfur eða rósagull

Ég er kvenfélagskona

Omnom súkkulaðipakki 3.500kr

Heiðursfélagar Kvenfélags Grímsneshrepps logo

KÍ logo



GJÖF TIL KVENNA

SÖFNUNARÁTAK Í TILEFNI 90 ÁRA AFMELI
KVENFÉLAGASAMBANDS ÍSLANDS

Við ætlum að selja armbönd og súkkulaði á árinu 2020 og safna fyrir tækjabúnaði og hugbúnaði honum tengdum, sem kemur til með að gagnast öllum konum um landið allt.

Um er að ræða móntora og ómtæki, nýja eða uppfærða eftir því sem við á og rafrænar tengingar á milli landsbyggðar og LSH.


Slíkt myndi nýtast öllum konum hvort sem er við meðgöngu og fæðingu, eða skoðana vegna kvensjúkdóma. Stórkostlegur sparnaður til lengri tíma gæti falist í því að samtengja svona landið allt, að ekki sé nú talað um aukið öryggi fyrir konur, þægindarauka þar sem þær losna þá við löng ferðalög í öllum veðrum til Reykjavíkur, en geta þess í stað fengið skoðun og greiningu í heimabyggð, samtengdar okkar helstu sérfræðingum hverju sinni.

Pantanir á netfangið
kvenfel@gmail.com eða
hjá Hildi á Stóru-Borg í
síma 863-9503

íþróttamiðstöðin Borg Vetrarophnun

19. ágúst 2019 - 23. maí 2020

Mánudaga - fimmtudaga	kl. 14 - 22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga – sunnudaga	kl. 10 – 18



Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is